

Úrkomumælingar í safnmælum á vegum  
Orkustofnunar 1997-1998

**Oddur Sigurðsson**

**Greinargerð OSig-2000-02**

## Úrkomumælingar í safnmælum á vegum Orkustofnunar 1997 - 1998

### Inngangur

Greint er frá mælingum á úrkomu í 5 safnmælum („totalisatorum“), sem Vatnamælingar Orkustofnunar annast á hálendinu á vatnasviði Tungnár tímabilið frá október 1997 til október 1998 og einum mæli í Krepputungu frá júlí 1997 til ágúst 1998. Niðurstöður birtast í Ársyfirliti Veðráttunnar, útgefnu af Veðurstofu Íslands. Greinargerðin er rituð til þess að koma þessum athugunum á framfæri við Veðurstofuna.

### Athuganir 1997 og 1998

Í töflu 1 eru gefnar tölur um athuganir í safnmælum 1997-1998. Merkingin „-ný staða“ gefur álestur að aflokinni tæmingu og enduráfyllingu með saltblöndu og olíu.

Í töflu 2 eru lokatölurnar, úrkoma í mm á tímabilinu. Við umreikning á mældum cm í safnmæli yfir í mm úrkomu er miðað við tölur í skilagrein Vatnamælinga nr. 164 „Snjósmæling inni á hálendinu. Úrkomumælingar“, sem Sigurjón Rist ritaði síðla árs 1968. Þar er lýst kvörðun á safnmælinum í Jökulheimum, en hann mun vera sömu gerðar og aðrir safnmælar á hálendinu. Samkvæmt henni er hlutfallið milli þverskurðarflatarmáls söfnunarbélgs og mæliops  $14,16 \pm 0,10$ . Hver cm í safnmæli svarar þá til 141,6 mm úrkomu, og er sá fasti notaður hér á eftir í töflu 2, en þar er gefin úrkoma í safnmælum 1997-1998.

<b>TAFLA 1. Athuganir í safnmælum 1997-1998</b>				
<b>Mælistaður</b>	<b>Staðsetning</b>	<b>Hæð m y.s.</b>	<b>Dags.</b>	<b>Álestur cm</b>
Hald við Tungnaá -ný staða	64°10'N 19°24'W	290	1997-10-23	-83,3
			1997-10-23	-89,2
			1998-10-27	-83,9
-ný staða			1998-10-28	-91,3
Veiðivatnahraun -ný staða	64°21'N 18°39'W	605	1997-10-23	-82,0
			1997-10-23	-85,7
			1998-10-27	-80,3
-ný staða			1997-10-28	-86,3
Ljósufjöll -ný staða	64°14'N 18°34'W	645	1997-10-23	-81,4
			1997-10-23	-86,5
			1998-10-28	-80,8
-ný staða			1998-10-28	-81,8
Jökulheimar -ný staða	64°18'N 18°15'W	675	1997-10-23	-83,2
			1997-10-23	-90,1
			1997-11-26	-89,2
			1998-10-28	-84,5
-ný staða			1998-10-28	-89,1
Kjalöldur ný staða	64°26'N 18°55'W	590	1997-10-22	-84,7
			1997-10-23	-87,4
			1998-10-27	-82,7
-ný staða			1998-10-28	-86,4
Krepputunga ný staða	65°05'N 16°13'W	550	1997-07-25	-89,6
			1997-10-10	-89,0
			1997-10-10	-92,4
			1998-04-01	-91,2
			1998-06-17	-91,1
			1998-08-06	-90,2

<b>TAFLA 2. Úrkoma í safnmælum 1997-1998</b>				
<b>Mælistaður</b>	<b>Staðsetning</b>	<b>Hæð m y.s.</b>	<b>Tímabil</b>	<b>Úrkoma mm</b>
Hald við Tungnaá	64°10'N 19°24'W	290	1997-10-23 - 1998-10-27	750
Veiðivatnahraun	64°21'N 18°39'W	605	1997-10-23 - 1998-10-27	765
Ljósufjöll	64°14'N 18°34'W	645	1997-10-23 - 1998-10-27	807
Jökulheimar	64°18'N 18°15'W	675	1997-10-23 - 1998-10-27	793
Kjalöldur	64°26'N 18°55'W	590	1997-10-23 - 1998-10-27	666
Krepputunga	65°05'N 16°13'W	550	1997-07-25 - 1998-08-06	396